



## Verðbólga óbreytt milli mánaða í júní

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,44% milli mánaða í júní og mælist verðbólga óbreytt í 2,6%. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,51% milli mánaða og mælist verðbólga án húsnæðis 2,7%.

Mælingin kom nokkuð á óvart en opinberar spár lágu á bilinu +0,1% til +0,3%. Við höfðum spáð +0,1%.

### Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- **Matur og drykkjarvara** hækkaði um 0,98% milli mánaða. Þar af hækkuðu innfluttar mat og drykkjarvörur um 2,1%,
- **Reiknuð húsaleiga** hækkaði um 0,37% milli mánaða. Skýrist þetta af 0,89% hækkun á vísitölu markaðsverðs húsnæðis en áhrif vaxtabreytinga var 0,52 prósentustig til lækkunar.
- **Tómstundir og menning** hækkaði 0,60% milli mánaða. Hækkunin er nær eingöngu vegna hækkana á stærri tækjum (t.d. húsbílum og tjaldvögnum) og tómstundavörum (t.d. spilum og leikföngum). Hinir undirliðirnir (sjónvörp, íþróttir, blöð, bækur, pakkaferðir) höfðu óveruleg áhrif.
- Liðurinn **hótel og veitingarstaðir** hækkaði um 1,08% milli mánaða. Þar af hækkaði gisting um 7,8% milli mánaða en veitingarstaðir hækkuðu um 0,65%.


### Gerum ráð fyrir að verðbólga verði nálægt markmiði næstu mánuði.

Eins og staðan er í dag reiknum við með 0,3% lækkun verðlags í júlí, 0,2% lækkun í ágúst og 0,3% hækkun í september. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 2,7% í september.

	Vægi í VNV	Breyting	
		milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	15,2%	0,98%	5,6%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,35%	4,5%
Föt og skór	3,5%	0,20%	0,8%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,0%	0,08%	2,7%
Reiknuð húsaleiga	16,4%	0,37%	2,8%
Húsgögn og heimilisb.	5,6%	0,30%	6,2%
Heilsa	4,3%	0,63%	3,0%
Ferðir og flutningar - annað	4,5%	0,92%	4,7%
Kaup ökutækja	6,0%	0,38%	6,3%
Bensín og díselolía	3,1%	0,84%	-12,3%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	-0,10%	-19,5%
Póstur og sími	1,5%	-0,98%	-5,6%
Tómst. og menning	10,1%	0,60%	4,2%
Menntun	0,5%	0,00%	1,3%
Hótel og veitingast.	5,1%	1,08%	3,5%
Aðrar vörur og þjónusta	6,4%	0,47%	3,7%

Heimild: Hagstofa Íslands


### Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




VNV hækkaði um 0,44% milli mánaða og mælist verðbólgan óbreytt í 2,6%.




Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólga án húsnæðis er 2,7%.




Heimild: Hagstofa Íslands

Við gerum ráð fyrir að verðbólgan verði áfram nálægt markmiði næstu mánuði




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mest áhrif til hækunar hafði verð á mat og drykkjavörum og reiknuð húsaleiga.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag innfluttra vara og húsnæðis til ársverðbólgu hækkaði milli mánaða, framlag þjónustu minnkaði.



Heimild: Hagstofa Íslands


82% undirliða hafa hækkað seinustu 12 mánuði, 58% meira en 2,5%




Mesta niðurbrot sem er birt, alls 174 undirliðir  
Heimild: Hagstofa Íslands




Evran lækkaði um 4,5% milli verðsöfnunardaga í maí og júní, bandaríkjadalur um 8,7%.




Árshækkun innfluttra matvara er 7,3%, allra innfluttra vara er 3,1%.



Flugfargjöld til útlanda lækkuðu um 0,1% milli mánaða.




Árshækkun vísitölu markaðsverðs húsnæðis er 6,7% og reiknaðar húsaleigu er 2,8%.




Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlupandi meðaltal, tafið um einn mánuð.

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá

Óveruleg breyting var á fótum og skóm milli mánaða.



Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hefur hækkað aðeins seinasta mánuð





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.